

Camerarctica
c/o Ármann Helgason
Markarflöt 7
Garðabæ
armannhelgason@simnet.is
9. október 2017

Ágæta Menningar- og safnanefnd

Kammerhópurinn Camerarctica heldur sína árlega tónleika undir yfirsíftinni "Mozart við kertaljós" í Garðakirkju fimmtudaginn 21. desember. Þetta verður í 25. sinn sem tónleikaröðin er haldin en tónleikarnir hafa verið haldnir í ýmsum kirkjum undanfarin 24 ár, í Hafnarfjarðarkirkju, Kópavogskirkju og Dómkirkjunni í Reykjavík en Garðakirkja bættist við tónleikaröðina árið 2008 og tókst einstaklega vel til enda bæjarbúar ánægðir að fá þessa árlegu klassísku tónleika inn í tónleikaflóru Garðabæjar en kirkjan hefur verið þétt setin á þessum tónleikum undanfarin ár.

Meirihluti kammerhópsins Camerarctica býr eða tengist Garðabæ þannig að það er Camerarctica bæði ljúft og skylt að leika Mozart við kertaljós í Garðakirkju þessari sérlega vel hljómandi og fallegu kirkju sem nýtur sín einstaklega vel í kertaljósabirtunni.

Meðlimir Camerarctica eru mjög virkir í tónlistarlífinu og leika ýmist með Sinfóníuhljómsveit Íslands eða með virtum kammerhópum. Meðlimir Camerarctica eru Ármann Helgason, Hallfríður Ólafadóttir, Hildigunnur Halldórsdóttir, Bryndís Pálsdóttir, Guðrún Þórarinsdóttir, Svava Bernharðsdóttir og Sigurður Halldórsson. Við bjóðum stundum gestahljóðfæraleikarum eða söngvörum að koma fram með Camerarctica á þessum tónleikum og oft hafa drengir úr Drengjakór Reykjavíkur sungið með í sálminum "Í dag er glatt í döprum hjörtum" úr Töfraflautunni eftir Mozart en þessi sálmur hljómar alltaf í lok tónleikana hjá okkur og hefur hringt inn jólinn hjá hjá mörgum í fjölda ára.

Camerarctica leitar nú til Menninga- safnanefndar eftir styrk vegna tónleikanna Mozart við kertaljós sem haldnir verða nú í 25. sinn og verða þeir því sérlega glæsilegir.

Kostnaður vegna tónleika í Garðakirkju, 21. des. 2017:

Auglýsingar og kynningastjórnun, veggspjöld, efnisskrár, kirkjuleiga, kerti og uppsetning á stökum og ýmis annar kostnaður: 100.000.-

Laun til flytjenda: 240.000.-

Tekjur vegna tónleikanna:
Aðgangseyrir (áætlað) 100.000.-

Sótt er um styrk vegna "Mozart við kertaljós" í Garðakirkju: kr. 240.000.-

Virðingarfyllst, fyrir hönd Camerarctica,

